# AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.**

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

1. gr.

Við staflið a í 2. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu til lengri tíma en eins árs samfellt.

Við staflið a í 3. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Ennfremur þeir prestar, sem settir eru til þjónustu í vígslubiskupsumdæminu til lengri tíma en eins árs samfellt.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. nóvember 2002.

*Gjört í Reykjavík, 17. október 2002.*

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

*Reykjavík, 17. október 2002.*

F. h. kirkjuráðs,

**Karl Sigurbjörnsson** biskup Íslands.